

## SAMNINGUR

Undirritaðir, fyrir hönd, Árvakurs hf og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, gera með sér samning um að veita landsaðgang um Netið frá vefþjóni Morgunblaðsins að greinasafni Morgunblaðsins frá upphafi að undanskildum síðustu þremur árum.

Árvakur hf mun veita öllum sem hafa aðgang að Netinu frá íslenskum netveitum landsaðgang að greinasafni Morgunblaðsins frá upphafi útgáfu þess að undanskildu síðustu þremur árum. Á árinu 2003 verður árið 1999 það nýjasta, árið 2004 verður það árið 2000 og svo framvegis.

Samningur þessi öðlast gildi við undirskrift. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 12 mánaða fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Reykjavík, 24. október 2003